

Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010



Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Grein birt 31. desember 2010

Eggert Lárusson og Meyvant Þórólfsson

„Stjórnarbylting á skólasviðinu“ Um kennslufræði Ögmundar Sigurðssonar

Um 1890 skrifaði Ögmundur Sigurðsson, þá kennari við Gerðaskóla í Garði, athyglisverðar greinar um skólamál og kennslu. Ritstörf hans og kennslustörf hafa opinberað skólamann sem virðist hafa verið langt á undan sinni samtíð en hefur síðustu áratugi að minnsta kosti verið minna þekktur en vænta mætti. Í þessari grein er ætlunin að rýna svolítið í skrif hans og ummæli samtímafólks um störf hans. Einkum er sjónum beint að athyglisverðum kennslufræðihugmyndum sem eiga sannarlega margt skylt við skólamálaorðræðu nú á dögum. Ögmundur var án efa þátttakandi í því umbótastarfi, sem Steingrímur Arason lýsti í skrifum sínum sem „stjórnarbyltingu á skólasviðinu“ fyrir tæpum 100 árum.

Eggert Lárusson og Meyvant Þórólfsson eru lektorar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

"Revolution in the Field of Education"

The Geographical Pedagogy of Ögmundur Sigurðsson

In the year 1889 Ögmundur Sigurðsson, then a young headmaster in a small elementary school near Reykjavík, published a 70 page long article titled "On Geography Teaching in Elementary Schools". The article caught the attention of the authors because of the remarkable approaches Sigurdsson pursues. In fact, the article is in most part devoted to what present educational discourse describes as constructivist education. His main philosophy is that geography teaching should always start from the pupil's own experience and knowledge. The authors relate in some detail Mr. Sigurdsson's constructivist approach and attempt to trace the sources of his ideas. Some evidence points to his secondary school education and his teacher there, Dr. Th. Thoroddsen, Iceland's great 19th century geographer and explorer, who among other things had read Herbert Spencer. The authors have also found data suggesting that Sigurdsson was influenced by progressive ideas of the Parker-school in Chicago, which was Sigurdsson's city of choice when, in 1891, he took a full year's sabbatical.

Inngangur

Seinni hluta 19. aldar og allt fram á miðja 20. öld einkenndist menntamálaumræða á Vesturlöndum að miklu leyti af hugmyndum uppeldislegrar framsæknistefnu (prógressívisma) sem átti sér rætur mjög víða og gekk meðal annars undir nöfnum eins og hinar nýju aðferðir eða hin nýja menntastefna (Cremin, 1961; Piaget, 1970/1935). Ræturnar mátti m.a. finna í hugmyndum Jean-Jacques Rousseau í Frakklandi, Friedrich W. A. Fröbel og Johann F. Herbart í Þýskalandi, Ovide Decroly í Belgíu, Maríu Montessori á Ítalíu, Ellen Key í Svíþjóð og Francis W. Parker í Bandaríkjunum, sem stundaði m.a.

nám í Þýskalandi hjá Herbart og fleirum. Parker hafði í kjölfarið áhrif á menntafrömuði vestanhafs eins og Jane Addams og John Dewey (Cremin, 1961; Piaget, 1970/1935; Myhre, 2001/1996).

Í riti sínu *The Transformation of the School. Progressivism in American Education 1876–1957* lýsti bandaríski sagnfræðingurinn Lawrence Cremin þessu tímabili vestanhafs sem tíma róttækra uppeldisumbóta undir þeim formerkjum að menntun hefði með alhliða þroska einstaklingsins að gera í stað einhliða áherslu á vitsmunalega hæfni (Cremin, 1961). Hann tengdi þessa þróun uppeldis og menntunar við iðnvæðingu og samfélagsbreytingar af hennar völdum, m.a. að allir þegar samfélagsins þyrftu nú á meiri og víðtækari menntun að halda en áður tíðkaðist, jafnt verklegri sem bóklegri og aukinni tengingu við daglegt líf og starf. Reyndar telur Myhre að uppeldisbótastefnan í Evrópu og framsæknistefnan í Bandaríkjunum hafi verið það samhljóma (2001/1996) að eðlilegt sé að fjalla um þær sem sama fyrirbærið. Þar stóðu hæst menntahugmyndir sem þykja kunnuglegar í skólamálaumræðu nú á dögum, svo sem að nám ráðist af þroska og aðstæðum hvers og eins, heildrænni sýn á nám fremur en sundurgreiningu þess í námsgreinar, kennari sé hugsaður fremur sem leiðbeinandi en miðlari þekkingar eða yfirvald, innri áhugahvöt nemandans skipti meginmáli og tengsl við umhverfi skólans sé nauðsynleg forsenda náms.

Þótt einangrun Íslands hafi verið meiri þá en nú gagnvart slíkum hugmyndastraumum má ljóst vera að hinar róttæku umbótahugmyndir á sviði uppeldis og menntunar birtust hér jafnt í riti sem ræðu. Þetta má m.a. sjá í skrifum Guðmundar Finnbogasonar (1903), Jóns Sigurðssonar (1842/1994), Boga Th. Melsteð (1888, 1907) og Steingríms Arasonar (1919) og ekki síst skrifum, ræðum og störfum Ögmundar Sigurðssonar. Meðal athyglisverðra greina eftir Ögmund voru *Alþýðuskólar á Íslandi* (1887), *Um kennaraskóla á Finnlandi* (1888), *Um landafræðiskennslu alþýðu* (1889) og *Um skóla á Suðurnesjum* (1890).

Ævi, nám og störf Ögmundar Sigurðssonar

Ögmundur Sigurðsson [1] fæddist að Kröggólfsstöðum í Ölfusi 10. júlí 1859. Foreldrar hans voru Sigurður hreppstjóri á Kröggólfsstöðum (1820–1883), sonur Gísla hreppstjóra á sama stað, Eyjólfssonar, og kona hans Valgerður ljósmóðir (1836–1910), dóttir Ögmundar bónda á Bíldsfelli í Grafningi Jónssonar. Ögmundur ólst upp hjá afa sínum og nafna á Bíldsfelli og konu hans Elínu Þorláksdóttur. Hann útskrifaðist sem gagnfræðingur frá Möðruvallaskóla árið 1882. Þremur árum síðar fór hann til náms við Kennaraskólann í Kaupmannahöfn og lauk þaðan kennaraprófi. Skólaárið 1891–1892 nam hann við kennaraskóla í Chicago í Bandaríkjunum. Aftur fór hann til náms í Vesturheimi veturinn 1917–1918 og þá í Kanada auk Bandaríkjanna. Loks er vitað að hann fór í námsferð til Norðurlanda og Englands 1928. Margt bendir til að námsár Ögmundar í Möðruvallaskóla hafi haft varanleg áhrif á hann og viðhorf hans til menntamála. Þess vegna er vert að kynna sér hvernig var umhorfs þar í tíð Ögmundar.

Möðruvallaskóli var fyrst settur í október árið 1880 en þá voru þar aðeins tveir kennarar, skólameistarinn Jón A. Hjaltalín, guðfræðingur og síðast bókavörður í Edinborg, og Þorvaldur Thoroddsen, náttúrufræðingur (Tryggvi Gíslason, 1981). Þorvaldur Thoroddsen (1923) lýsir skólastarfinu við Möðruvallaskóla í *Minningabók* sinni. Þar kemur fram að fyrirkomulag kennslunnar hafi að ýmsu leyti verið nýstárlegt og Jón Hjaltalín hafi sniðið það eftir skipulagi sem hann kynntist í enskum skólum (Þorvaldur Thoroddsen, 1923). Þorvaldur, sem hafði stundað nám í Kaupmannahöfn í fimm ár áður en hann hóf kennslustörf við Möðruvallaskóla, kenndi náttúrufræði, dönsku, landafræði og reikning, og síðar almenna mannkynssögu. Kennslunni við Möðruvallaskóla lýsir hann þannig: „Kensluna reyndum við að gera eins praktiska eins og hægt var og sníða hana eftir þörfum nemenda, sem voru mjög mismunandi að aldri og þroska fyrstu árin“ (sama rit, bls. 10). Í grein

Ögmundur *Um landafræðiskennslu alþýðu* (Ögmundur Sigurðsson, 1889), er framan-greind lýsing einmitt eitt meginstefið. Þorvaldur lýsir athyglisverðum samskiptum nem-enda og kennara á Möðruvöllum, jafnt utan formlegs skólatíma sem í kennslutímum:

... hjer [á Möðruvöllum] voru kennarar miklu betur settir en í Reykjavík, miklu meiri persónuleg kynning milli pílta og kennara, flestir höfðu mikinn áhuga á náminu, og langaði til að fræðast um ýmislegt, og lærðu þeir sumir eflaust alt eins mikið utan tíma með samtali við kennara eins og í sjálfum kenslustund-unum. Málin reyndum við að kenna praktískt; Hjaltalín talaði í enskutímum oftast ensku við pílta, en eg talaði dönsku í dönskutímum (1923, bls. 11).

Þriðji kennarinn hóf störf við skólann í september 1881. Það var Þórður Thoroddsen (1856–1939), bróðir Þorvaldar. Þórður var menntaður læknir, var vel að sér í stærðfræði, sönglist og leikfimi, auk læknisfræðipekkingarinnar. Allt þetta kom sér vel fyrir skólastarfið (sama rit, bls. 11–12). Af Míningabók Þorvaldar má ráða að hann og fleiri fylgdust með stefnum og straumum í menntamálum í nágrannalöndum. Þorvaldur nefnir m.a. skrif eins áhrifamesta heimspekings 19. aldar, Herbert Spencer, sem var meðal brautryðjenda framsæknu skólastefnunnar í Evrópu undir áhrifum frá kenningum Johannis H. Pestalozzi og fleiri. Kenningar Spencers um menntun höfðu djúpstæð áhrif á uppeldis- og mennta-málaumræðu á þessum tíma og gáfu nýbreytnihugmyndum byr undir báða vængi (Myhre, 2001/1996; Spencer, 1884). Þannig má segja að kennsluhættir þeir sem Þorvaldur tamdi sér hafi verið töluvert á annan veg en hann hafði kynnst á sínum eigin skólaárum í Lærða skólanum í Reykjavík. Kennsluháttum þar lýsir hann þannig:

Eg var á skólaárum mínum ónæmur á allan lærdóm utanað, – en lærdómur í belg og biðu var aðalkjarni fræðslunnar hjá flestum kennurum, en ég mundi það vel og skildi, sem ég einu sinni var búinn að læra, og minnið hefur jafnan síðan verið gott (bls. 64).

Ljóst má vera að Ögmundur Sigurðsson hefur notið góðrar menntunar þar sem þeir Þorvaldur, Þórður og Jón voru, sérstaklega í náttúrufræði og landafræði hjá Þorvaldi Thoroddsen. Ögmundur gerðist samstarfsmaður Þorvaldar við landafræðirannsóknir strax sumarið eftir útskrift úr Möðruvallaskóla og stóð samstarf þeirra í 14 sumur.

Ögmundur varð fyrsti skólastjóri barnaskólans á Eskifirði frá stofnun hans 1. janúar 1883 til 1885. Starfið í Barnaskóla Eskifjarðar missti hann þegar það var boðið upp og einhver bauðst til að gegna því fyrir lægri laun en Ögmundur hafði haft. Hann gerðist þá heimilis-kennari á Eskifirði 1886–1887 (Einar Bragi Sigurðsson, 1981). Árið 1887 réðst Ögmundur sem skólastjóri að Barnaskólanum í Garði og var þar til 1896 að undanskyldu skólaárinu 1891–1892 þegar hann dvaldi í Chicago í Bandaríkjunum.

Árið 1896 réðst Ögmundur loks sem kennari á þann stað þar sem hann átti eftir að starfa sem kennari og síðar skólastjóri það sem eftir var af starfsaldrinum. Það var við Gagn-fræðaskólann í Flensborg í Hafnarfirði. Jafnframt var hann skólastjóri Barnaskólans í Hafnarfirði til ársins 1902. Í Flensborg starfaði Ögmundur einnig við kennaradeildina sem þá var nýstofnuð. Þar sá hann um að skipuleggja æfingakennslu kennaranemanna. Árið 1908 skipuðust mál á þann veg að skólastjóri Flensborgarskólans, Jón Þórarinsson, varð fræðslustjóri í kjölfar nýsamþykkrar fræðslulaga og losnaði þá staða hans og varð Ögmundur þá skólastjóri þar til hann lét af störfum fyrir aldurs sakir árið 1930. Ögmundur var einn af stofnfélögum Hins íslenska kennarafélags árið 1889. Hann var einnig fyrsti formaður Kennarafélags Gullbringu- og Kjósarsýslu árið 1906 (Lögrétta, 1906).

Enn eru ótalin merkileg sumarstörf Ögmundar. Í fjórtán sumur á árunum 1882 til 1896 var hann fylgdarmaður Þorvaldar Thoroddsen á vísindaferðum hans um landið. Eftir að þeim

ferðalögum lauk var Ögmundur fenginn til fylgdar ýmsum vísindamönnum sem rannsókuðu landið, til að mynda Helga Pjeturss, Paul Hermann og Walter von Knebel. Var hann á tímabili sá Íslendingur sem mest hafði ferðast um landið.

Skólamaður og kennslufræðingur

Til eru umsagnir nemenda og samstarfsmanna sem varpa ljósi á skólmanninn og kennslufræðinginn Ögmund Sigurðsson, auk þeirra skrifa sem eftir hann liggja. Jón Á. Gissurarson, síðar skólastjóri, var meðal nemenda í Flensborg þegar Ögmundur var skólastjóri þar. Hann lýsir Ögmundi svona:

Ögmundur Sigurðsson var liðlega meðalmaður á hæð, þykkur undir hönd, kraftalegur, fágaður í fasi, vandaði málfar sitt án skrúðmælgis, hversdagslegustu viðburðir urðu honum söguefni sem gott reyndist á að hlýða. Honum veittist auðvelt að fá menn til samræðna, jafnvel feimna sveitrastráka. Nemendur báru fyrir honum virðingu óþvingaða, vildu ógjarnan reynast honum andsnúnir.

Þyrfti Ögmundur að blanda sér í mál gerðist það með tvenns konar hætti: djúpri þögn eða þykkjulausu samtali, engu líkara en tveir jafningjar ræddust þá við. Hann vildi heyra sjónarmið nemenda og hlustaði. Þessum samræðum lauk venjulega svo að menn féllust heilshugar á skoðun skólastjóra. Þögn beitti hann einkum ætti hópur nemenda hlut að máli og reyndist oft býsna áhrifarík (Jón Á. Gissurarson, 1985, bls. 77).

Kennslustundum hjá Ögmundi lýsir Jón svo að hann hafi birst strax og nemendur hafi fengið sér sæti, þó ekki fyrr, fumlaus með öllu og venjulega brosmildur (sama rit, bls. 79). Hann hafi jafnan bryddað upp á einhverju óviðkomandi lexíu dagsins en snúið sér svo að henni. Ríkt hafi verið gengið eftir að nemendur ynnu undir tíma en Ögmundur hafi sjálfur bætt við frá eigin brjósti.

Beinast liggur við að álykta að kennslufræðihugmyndir Ögmundar væru sprottnar frá námi hans í kennaraskóla í Kaupmannahöfn 1885–1886. Svo virðist hins vegar ekki vera. Svo heppilega vill til að sr. Sigurður Einarsson frá Holti ritar eins konar afmælisgrein um Ögmund árið 1932 og byggir hana að miklu leyti á svörum Ögmundar við spurningum sem hann hafði sent honum. Hefur Sigurður eftir Ögmundi „að af þeirri skólagöngu hafi hann haft nauðalítið gagn“ (Sigurður Einarsson 1932, bls. 248).

Kennslufræðihugmyndir Ögmundar koma skýrt fram í áhuga hans á námi og kennslu í náttúrufræði og landafræði. Greinin *Um landafræðiskennslu alþýðu*, sem birtist árið 1889 í *Tímariti um uppeldi og menntamál*, er líklega skýrasta dæmið um þetta. Það sem eftir er þessarar greinar byggir á texta þeirrar greinar. Þetta er mikil grein að vöxtum, upp á 70 blaðsíður. Þrátt fyrir titilinn rekur Ögmundur hugmyndir sínar um almenna kennslufræði líka og sérstaklega kennslufræði náttúrufræðigreina. Í greininni talar hann mest um kennslu 10 til 14 ára barna enda voru barnaskólarnir á þessum tíma að mestu miðaðir við þann aldur.

Greinin ber skýr merki um áhrif frá hinum róttæku hugmyndum uppeldisumbóta fyrir og eftir aldamótin 1900 sem einkenndust af áherslum á menntun er hefði með alhliða þroska einstaklingsins að gera í stað einhliða áherslu á vitsmunalega hæfni (sbr. Cremin, 1961; Myhre, 2001/1996). Ögmundur hefur grein sína á gagnrýni á kennsluhætti við landafræðikennslu þess tíma:

Við landafræðinám er það skilið að þulu-læra þær bækur sem hafa verið ritaðar í landafræði hjá oss án þess ljóst sé að landsuppdráttur þurfi að hafa til hjálpar við kennsluna. Ýmsir halda líka að landafræðinámið sé tískunám og að „móð-

ins” sé að kunna hið sama og kennt er í latínuskólanum. Það er von að þessu sé þannig varið meðal alþýðu. Börnum hafa verið fengnar þungar, samandregnar kennslubækur sem þau lítt skilja, stundum hafa þau engan kennara haft, heldur verið „hlýtt yfir“, og þó kennari hafi verið mun hann stundum eigi hafa mikið vald yfir því efni sem hann átti að kenna. Landsupprættir og kortbækur munu líka helst til víða vera af skornum skammti og gerir það með öllu ómögulegt landafræðinámið þótt nýtur kennari væri. Af öllu þessu hefir alþýða sumstaðar ýmigust á landafræðinámi (1889, bls. 35–36).

Greinilegt er að Ögmundi hefur sviðið þessi meðferð námsgreinar sinnar því „landafræðin er sú námsgrein, sem einna best er löguð til að veita almenna menntun; hún styðst við svo margar vísindagreinar, að eigi er hægt að ganga fram hjá þeim með öllu“ (sama rit, bls. 36). Enn fremur sé mikilvægast af öllu að koma hverjum nemanda til sjálfrannsóknar á náttúrunni og hver kennari þurfi að hafa svo mikið vald yfir námsgreininni að hann geti talað til nemenda án þess að vera bundinn við kennslubókina (bls. 37).

Á nokkrum stöðum í greininni kemur fram hvaða markmið Ögmundur setur sér með kennslustörfum sínum en það er ánægja nemandans meðan á skólagöngunni stendur og sjálfstraust hans sem kennurum beri beinlínis að efla að mati Ögmundar. Þarna má segja – eins og í fleiri atriðum – að Ögmundur sé að móta eigin námskrá en engin opinber námskrá var til á þessum tíma og varð reyndar að bíða hennar í áratugi. Fyrstu drög að opinberri námskrá fyrir barnaskóla komu ekki út fyrr en árið 1929 og fyrsta heildstæða námskráin í drögum 1948 og fullbúin til útgáfu árið 1960 (Fræðslumálastjórnin, 1944; Menntamálaráðuneytið, 1948, 1960).

Athyglisvert er að margar af þeim kenningum um nám og kennslu, sem standa hæst í skólamálaumræðu nú á dögum, endurspeglast í kennslufræðihugmyndum Ögmundar. Hann segir til dæmis að þeir sem ætli að fræða börn verði að gera það út frá þeirra eigin reynslu – byggja þurfi ofan á eigin reynslu nemandans, „gera sjálfan sig ungan og reyna sem best til að skilja hugsanir þeirra og þá erfiðleika sem þau hafa við að stríða við námið. Landafræðikennsla barna verður að byrja á þeim hlutum sem börnin þekkja af eigin reynslu“ (bls. 38). Þegar komið er að samskiptum við nemendur skrifar Ögmundur að hinir fyrstu kennslutímar

ættu að vera samtali um kunna hluti, auðsvaraðar spurningar skyldu bornar upp, þær er vekja umhugsun og sjálfstraust. Slíkar spurningar geta verið um túnið heima, fénaðinn, ferðina til stekkjans með því sem þá hefir borið fyrir augu, þær vekja eftirtekt og umhugsun ef þær eru rétt og vel lagaðar og umfram allt ánægju og sjálfstraust (sama rit, bls. 38).

Ögmundur fer ekki í graf götur um gildi uppgötvunarnáms: „Ef barn tekur sjálft eftir einhverjum hlut og uppgötvar eitthvað með eigin eftirtekt þá verður það þannig samgróid minni barnsins miklu fremur en það, sem því er sagt af öðrum“ (bls. 38). Ögmundur leggur áherslu á eigin áhugahvöt barna og að hafa þau með sér í liði: „Öll hin margbreytta veröld umhverfis oss er óþekkt börnunum og inn í hana verða þau að leiðast viljug“ (bls. 38). og hann hampar kennslustundum sem gleðja nemendur og opna augu þeirra fyrir undrum heimsins sem þau þá læri að njóta, við verðum að að vekja hjá nemendum eftirtekt á hinum mörgu hlutum sem finnast í náttúrunni, þau verði að skoða hana sjálf: „Ef vér hjálpum börnunum til þessa gjörum vér gott verk, ekki einungis með því að vekja hjá þeim gleði, heldur með því að opna augu þeirra svo þau gangi ekki eins og blindir menn alla æfi sína“ (bls. 38).

Áður var minnst á afstöðu Ögmundar til þululærdóms. Hann velkist ekki í vafa um að allan óskiljanlegan þululærdóm skuli forðast og hann tilgreinir athyglisverð dæmi um hve slíkur lærdómur er í raun yfirborðskennur:

Í bókinni stendur: „Brennisteinninn finnst víða í jörðu (við Mývatn, Krýsuvík og víðar) og surtarbrandur á stöku stað“. Hve mörg börn ætli hafi séð brennistein eða surtarbrand? Kannski eitt af þúsund. Þau vita ekkert um hvoruga þessa steintegund og skilja ekkert fremur um þá þó að þau lærðu þessi tilfærðu orð (sama rit, bls. 68).

Til nánari skýringar býr hann til eftirfarandi samtal:

Ef nú kennari spyrði: „Eru nokkrar einkennilegar steintegundir í jörðu á Íslandi?“

Barnið svaraði: „Já, brennisteinn og surtarbrandur.“

Kennarinn: „Já, rétt er það. Hvar er brennisteinn?“

Barnið: „Við Mývatn og Krýsuvík.“

Kennarinn: „Rétt! Manstu nokkuð um surtarbrandinn?“

Barnið: „Surtarbrandur er steingjörð tré sem lengi hafa verið byrgð í jörðu en hafa fyrri á öldum verið stórvaxin tré og plöntur.“

Kennarinn: „Sjáum við, þú kannt þína lexíu karl.“

Um þetta segir Ögmundur: „Nokkru kann barnið að vera nær fyrir þessa kennslu en lítið er það og öðruvísi gæti það verið“ (sama rit, bls. 68–69).

Um kennslustundirnar segir Ögmundur: „Fræðslan ætti að vera skýr, lífgandi og skemmtileg“ og heldur áfram: „Slíkir tímar eru hinir indælustu í höndum góðra kennara. Áhrif þeirra koma fljótt í ljós með því að börnin fara að taka eftir hlutunum, skilningur þeirra þroskast og greindin vex“ (bls. 41–42).

En hvern sess ætti þá *kennslubókin* að skipa í síkum kennslustundum? Ögmundur svarar því þannig:

Kennslubókin á aðeins að vera sem leiðarvísir við námið sem kennarinn fyllir upp. Hún má eigi hafa svo hátt sæti að hún eingöngu sé lærd reiprennandi með nöfnum, tölum og upptalningum í rétttri röð hvert á eftir öðru ... Slíkt nám er leiðinlegt og sljóvgandi fyrir kennara og nemendur og gleymist undir eins þegar bókinni er sleppt. Ef svo ætti eingöngu að nema hverja grein sem væri, þá þyrfti engan kennara, bækurnar væru þá nógar (bls. 42–43).

Myndefni var miklu sjaldgæfara og torfengnara á dögum Ögmundar en vorum. En að hans mati var það með öllu ómögulegt að setja börnum fyrir sjónir þá hluti „sem þau aldrei hafa séð með eintómum orðum, til þess verður að nota myndirnar“ (bls. 49). Síðan telur hann nokkur atriði sem myndirnar eiga að sýna:

Myndirnar eiga að sýna náttúruviðburði, eins og eldgos, hver og fossa, þær eiga að sýna nokkra merkilega landshluti jarðarinnar, eins og t.d. Alpafjöllin, Grænlandsjökla, skóga í hitabeltinu og skóga í Noregi, kuldabeltishéruð með dýralífi þess: hvölum, selum og björnum og margt fleira. Auk þessa eiga að vera til myndir af borgum og merkilegum byggingum fornum og nýjum eins og

Panþeon, pýramídum, Pompei, Colosseum, Róm, Érusalem, París, Washington, og fl., svo og margar myndir af hinum ýmsu ólíku þjóðflokkum þar sem má sjá hina ólíku siðu þeirra og háttu (sama rit, bls. 50).

Sérstakur kafli (bls. 53–57) er um „stærðahlutfall hluta.“ Þar ræðir Ögmundur um hve æskilegt er að gera börnum rækilega grein fyrir stærðarhlutföllum með því að bera stærðirnar fet, metra eða mílur saman við stærðir sem þau þekkja úr umhverfi sínu.

Annar kafli er um tímunn (bls. 57–61) og fjallar Ögmundur þar um mikilvægi þess að gera börnum grein fyrir skiptingu sólarhringsins í tímabil og eins skiptingu ársins og árstíðirnar. Alltaf reynir hann að hlutgera kennsluna sem mest. Dæmi: „Sambandið milli breytinganna á halla jarðarmöndulsins og þess að skugginn lengist og styttest, mun von bráðar verða skiljanlegur ...“

Loks má ekki gleyma umfjöllun um útikennslu sem Ögmundur kallar „skólagöngur“. Mikilvægi þeirra er honum ljóst: „Á skólabekkjunum hafa börnin aldrei tækifæri til að sjá með eigin augum marga þá hluti, sem kennt er um og geta því ekki skilið þá eins og æskilegt væri. Til þess að ráða bót á þessu eru hafðar skólagöngur“ (bls. 61). Síðan telur hann margs konar hluti og fyrirbæri sem einungis verða lærð úti í náttúrunni. Og skólagöngurnar eru ekki einungis fræðandi heldur líka þroskandi: „Á skólagöngunum mætti fá ótæmanlegt fræðslufni, en einkum er sá mikli kostur við þær, að börnin læra að taka eptir, að rannsaka sjálf og raða niður hinum líku hlutum“ (sama rit, bls. 63–64).

Umræða

Ögmundur (1889) getur hvergi í grein sinni heimilda eða hvaðan hann hafi kennslufræðihugmyndir sínar. Hæpið er að gera ráð fyrir að svona þróaðar hugmyndir, hnitmiðaðar í anda þeirrar kenningar sem stendur einna hæst í nútímaskólamálaumræðu, hugsmíðhyggju, séu sprotnar eingöngu út úr hans höfði. [2] En hvaðan þá? Í upphafi þessarar greinar var vakin athygli á þeim hugmyndastraumum sem stóðu hæst í skólamálaumræðu fyrir og eftir aldamótin 1900. Hugmyndir hinnar uppeldislegu framsæknistefnu hljóta að hafa haft áhrif á skólamenn Íslands þessa tíma. Þetta endurspegladist meðal annars í því merkilega skólastarfi sem átti sér stað við Möðruvallaskóla undir lok 19. aldar, ekki síst í kennsluháttum Þorvaldar Thoroddsen sem var án efa fyrirmynd Ögmundar á sviði uppeldis- og kennslufræði.

Chicago er sá staður vestanhafs sem hin uppeldislega framsæknistefna var helst kennd við. Þess vegna er það áleitinn spurning hvers vegna Ögmundur kaus að fara til Chicago til framhaldsnáms í kennslufræðum. Þrátt fyrir ítarlega leit í Þjóðskjalasafni fundust engar heimildir um ferðastyrk til handa Ögmundi úr Landssjóði af þessu tilefni og þar af leiðandi enginn rökstuðningur fyrir staðarvalinu. Hins vegar er athyglisvert að við kennaraskóla í Chicago starfaði á þessum tíma Francis W. Parker, einn helsti frumkvöðull framsækinnna skólahátta í Bandaríkjunum á 19. öld (Myhre, 1976, 2001/1996). Hann var alþýðuskólakennari sem hafði farið til Evrópu 1872 og sett sig vandlega inn í menntahugmyndir Pestalozzis, Fröbels og Herbarts – manna sem þekktir voru fyrir að mæla með frjálslyndu skólastarfi fremur en hinni sterku vitsmunadýrkun sem einkenndi menntahugmyndir um miðja 19. öld. Hann barðist fyrir bættum kennsluháttum og upp spratt hreyfing að hans frumkvæði, kennd við bæinn Quincy í Massachusetts. Quincy–hreyfingin setti tvennt á oddinn: Barnið skyldi vera miðpunktur alls skólastarfs og námsgreinar skyldi samþætta svo að þær hefðu einhverja þýðingu fyrir barnið.

Árið 1883 varð Parker skólastjóri kennaraskóla í Chicago. Næstu ár sendi hann frá sér nokkur rit um kennslu- og skólamál og var eitt þeirra um landafræðinám og –kennslu (Parker, 1890). Hugsanlegt er að Ögmundur Sigurðsson hafi komist á snoðir um Parker

og störf hans í þessum kennaraskóla eða komist yfir rit hans og þess vegna valið að fara þangað. Um það hafa engar heimildir eða vísbendingar fundist enn en höfundar munu halda áfram að kanna þennan hugsanlega þráð. Athyglisvert er einnig í þessu sambandi að jafnaldri Ögmundar en öllu frægari, John Dewey, hóf að kenna við Chicago-háskóla árið 1892 árið sem Ögmundur hélt heimleiðis frá Chicago. Möguleiki er á að þeir hafi hist enda hugmyndir þeirra um skólastarf að ýmsu leyti samrýmanlegar.

Enn eitt sem áhugavert er að rannsaka nánar er arfleifð Ögmundar. Hæpið er að líta svo á að hann hafi verið hrópanndinn í eyðimörkinni. Að minnsta kosti má finna margt í *Lýðmenntun* Guðmundar Finnbogasonar (1903) líkt hugmyndum Ögmundar um nám og kennslu, einnig í skrifum Boga Th. Melsteð, Steingríms Arasonar og fleiri samtímamanna Ögmundar. Þetta mætti rannsaka nánar, t.d. með orðræðugreiningu. Með slíkri greiningu er gert er ráð fyrir að allur texti eigi sér félagslegt samhengi og sé þar með túlkun þeirra sem skrifa hann eða segja frá með hliðsjón af þeim gildum sem þeir byggja á (Gill, 2000; Wetherell, 2001).

Nokkur fengur ætti að vera af því að kanna bréfasafn Þorvaldar Thoroddsen sem varðveitt er í Konunglegu bókhöfðunni í Kaupmannahöfn. Höfundar hafa einnig áhuga á að kanna betur hvernig áherslur svonefndrar hugsmíðihyggju, eins og við þekkjum hana nú á dögum, birtust beggja vegna Atlantshafsins á seinni hluta 19. aldar. Það myndi ef til vill varpa skýrara ljósi á hvort grein Ögmundar sé ef til vill einhvers konar samnefnari fyrir það sem framsæknir kennarar fengust við um aldamótin 1900, kennarar sem höfðu hafnað sem valkosti hinum ríkjandi uppeldis- og kennsluáferðum fram að þeim tíma.

Aftanmálgreinar

1. Aðalheimild um ævi og starf Ögmundar er Ólafur Þ. Kristjánsson (Ritst.). (1958). *Kennaratal á Íslandi II* (bls. 321–322).
2. Reyndar heldur Møller (2001) því fram í bók sinni um kennsufræði landafræðinnar að fáar eða engar kennslugreinar henti jafnvel til að láta kennsluna ganga út frá barninu og daglegri reynslu þess.

Heimildir

Bogi Th. Melsteð. (1888). *Um menningarskóla eða um „lærða skólann“ í Reykjavík og samband hinna lægri skóla við hann*. Kaupmannahöfn: Gefið út af nokkrum Íslendingum.

Bogi Th. Melsteð. (1907). Um æskuárin og íslenskan lýðháskóla. *Andvari* 32, 75–104.

Cremin, L. A. (1961). *The transformation of the school: Progressivism in American education, 1876–1957*. New York: Vintage Books, Alfred A. Knopf.

Einar Bragi Sigurðsson. (1981). *Eskja. Bókin um Eskifjörð* (3.bindi). *Í skólanum: um barnafræðsluna á Eskifirði 1874–1939*. Eskifjörður: Byggðasögunefnd Eskifjarðar.

Fræðslumálastjórnin. (1944). *Lög og reglugerðir um skóla- og menningarmál á Íslandi sem í gildi eru í marslok 1944* (Helgi Elíasson bjó undir prentun, bls. 26–32). Reykjavík: Höfundur.

Gill, R. (2000). Discourse analysis. Í M. W. Bauer og G. Gaskell (ritstjórar), *Qualitative researching with text, image and sound* (bls. 172–190). London: Sage Publications.

Guðmundur Finnbogason. (1903). *Lýðmenntun. Hugleiðingar og tillögur*. Akureyri: Kolbeinn Árnason og Ásgeir Pétursson.

Jón Á. Gissurarson. (1985). *Satt best að segja. Endurminningar*. Reykjavík: Setberg.

- Jón Sigurðsson. (1994). Um skóla á Íslandi. Í Sverrir Jakobsson (ritstjóri), *Af blóðum Jóns forseta* (bls. 81–139). Reykjavík: Almenna bókmenntafélagið. (Endurprentað úr Nýjum Félagsritum 1842).
- Lögrétta. (1906, 3. október). Frá haustfundi Kennarafjelags Gullbringu- og Kjósarsýslu. *Lögrétta* 47,188.
- Menntamálaráðuneytið. (1948). *Drög að námsskrám fyrir barnaskóla og gagnfræðaskóla*. Reykjavík: Höfundur.
- Menntamálaráðuneytið. (1960). *Námsskrá fyrir nemendur á fræðsluskyldualdri*. Reykjavík: Höfundur.
- Myhre, R. (1976). *Pedagogisk Idéhistorie fra 1850 til i dag*. Oslo: Fabritius forlag.
- Myhre, R. (2001). *Stefnur og straumar í uppeldissögu* (Bjarni Bjarnason þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Þýðing eftir 2. útgáfu 1996.
- Møller, J.P. (2001). *Omverdensforståelse. Didaktiske perspektiver og eksempler*. Århus: Forlaget Klim.
- Ólafur Þ. Kristjánsson (ritstjóri). (1958). *Kennaratal á Íslandi II*. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi.
- Parker, F. W. (1890). *How to study geography*. New York: Appleton.
- Piaget, J. (1970). *Science of education and the psychology of the child* (Derek Coltman þýddi úr frönsku). London: Longman Group Limited. Upphaflega gefið út 1935.
- Sigurður Einarsson. (1932). Ögmundur Sigurðsson skólastjóri. *Iðunn. Tímarit til skemmtunar, nytsemdar og fróðleiks. Nýr flokkur*. 16, 245–253.
- Spencer, H. (1884). *Um uppeldi barna og unglinga* (Þórhallur Bjarnason og Eiríkur Briem þýddu). Reykjavík: Hið íslenska Þjóðvinafélag.
- Steingrímur Arason. (1919). *Stjórnarbylting á skólasviðinu*. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.
- Tryggvi Gíslason. (1981). Möðruvallaskólinn 1880–1902. Í Gísli Jónsson (ritstjóri), *Saga Menntaskólans á Akureyri 1880–1980* (I. bindi, bls. 1–142). Akureyri: Menntaskólinn á Akureyri.
- Wetherell, M. (2001). Themes in discourse research: The case of Diana. Í M. Wetherell, S. Taylor og S.J. Yates (ritstjórar), *Discourse theory. A reader* (bls. 14–28). London: Sage Publication.
- Þorvaldur Thoroddsen. (1923). *Minningabók* (2. bindi). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Ögmundur Sigurðsson. (1887). Alþýðuskólar á Íslandi. *Þjóðviljinn*, 1 (21), 81–82 og 85–86.
- Ögmundur Sigurðsson. (1888). Um kennaraskóla á Finnlandi. *Tímarit um uppeldi og menntamál*, 1, 16–58.
- Ögmundur Sigurðsson. (1889). Um landafræðiskennslu alþýðu. *Tímarit um uppeldi og menntamál*, 2, 35–104.

Ögmundur Sigurðsson. (1890) Um skóla á Suðurnesjum. *Tímarit um uppeldi og menntamál*, 3, 87–98.



Eggert Lárusson og Meyvant Þórolfsson. (2010).
„Stjórnarbylting á skólasviðinu“: Um kennslufræði Ögmundar Sigurðssonar.
Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/008.pdf>